

## Vika6

Hér má finna hugmyndir að spurningakeppnum sem tilvalið er að setja upp sem Kahoot eða á Slido.com og varpa upp á skjá. Þá svara nemendur í gegnum síma eða spjalddölvu. Einnig er hægt að setja spurningarnar upp á annan hátt, keppni milli hópa eða hvað sem kennara dettur í hug að virki best fyrir sinn hóp. Fyrir aftan fullyrðingarnar er svarið S=satt eða Ó=ósatt, munið að fjarlægja það ef þið prentið spurningarnar út fyrir nemendur 😊

### Sjálfsfróun – satt eða ósatt

- Sjálfsfróun er oft fyrsta leið einstaklingsins til að upplifa kynferðislega vellíðan -S
- Allir unglingar stunda sjálfsfróun -Ó
- Of mikil sjálfsfróun veldur andlegum skaða -Ó
- Þegar fólk er í föstu sambandi hefur það ekki þörf fyrir að stunda sjálfsfróun -Ó
- Sjálfsfróun er ein leið til að njóta kynlífs án þess að eiga á hættu að smitast af kynsjúkdómi -S
- Sjálfsfróun getur verið góð leið til að kynnast eigin líkama -S
- Sjálfsfróun getur valdið brjóstastækkun -Ó
- Sjálfsfróun getur gert kynlíf betra -S
- of mikil sjálfsfróun getur skemmt sæðisframleiðsluna -Ó
- Sjálfsfróun endar alltaf með fullnægingu -Ó

### Kynsjúkdómar - Satt eða ósatt

- Það er hægt að vera með kynsjúkdóm án þess að vera með einkenni -S
- Það er ekki hægt að smitast af kynsjúkdómi við fyrstu samfarir -Ó
- Kynsjúkdómar geta kviknað af sjálfu sér -Ó
- Klamydía getur leitt til ófrjósemi -S
- Það er hægt að smitast af klamydíu af klósettsetu -Ó
- Smokkurinn er eina getnaðarvörnin sem hindrar kynsjúkdómasmit -S
- Það má nota sama smokk tvisvar ef það kom ekki sæði í hann í fyrra skiptið -Ó
- Það er hægt að klippa smokk í sundur til að búa til töfrateppi -S
- Töfrateppi má leggja yfir kynfæri og rass til að hindra kynsjúkdómasmit -S
- Töfrateppi virka vel til að hlýja köldum tám og fingrum -Ó
- Það er frítt að fara í kynsjúkdómapróf -S
- Það er ekki hægt að lækna alla kynsjúkdóma -S

### Kynfærin – satt eða ósatt

- Typpi getur sprungið ef það verður of hart -Ó
- Bæði leggöngin og snípurinn blotna við kynferðislega örvun -Ó
- Píkur (leggöng) verða ekki víðar þó þær hafi fengið stór typpi inn í sig - S
- Lítil typpi eru fljótari að fá fullnægingu en önnur typpi – Ó
- Snípurinn er næmasta svæðið á píkunni – S
- Kóngurinn er næmasta svæðið á typpinu – S
- Inni í pungnum eru þrjú eistu – Ó

- Það tekur þíku og typpi jafn langan tíma að verða tilbúin í kynlíf – Ó
- Kynlíf er alltaf typpi í þíku – Ó
- Það er misjafnt hvernig fólk vill láta snerta kynfærin sín – S
- Kynlíf endar alltaf með fullnægingu - Ó